

ÞINGGERÐ

10. ársþing Kraftlyftingarsambands Íslands var haldið þann 29.febrúar 2020 að Engjavegi í E-sal í húsi ÍSÍ og hófst þinghaldið kl 14:00.

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.

Gry Ek Gunnarsson formaður KRAFT setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hún fór í nokkrum orðum yfir sögu sambandsins en það er var stofnað 15. apríl 2010. Hún lýsti yfir lögmæti þingsins en 1.þingboð var sent í tölvupósti þann 18. janúar 2020 og 2. þingboð var sent í tölvupósti þann 15. febrúar sl.

Gry veitti síðan viðurkenningar fyrir afrek á árinu 2019 sem kom í hlut eftirfarandi afreksfólks:

Kraftlyftingakona ársins:	Sóley Margrét Jónsdóttir, KFA.
Kraftlyftingakarl ársins:	Júlían J K Jóhannsson, Ármanni.
Stigahæsta lið í kvennaflokki:	Massi (175 stig).
Stigahæsta lið í karlaflokki:	Massi (181 stig).

Gullmerki KRAFT: María Elísabet Guðsteinsdóttir

Samkvæmt 30. grein laga KRAFT er sambandinu heimilt að kjósa heiðursformann. Gry lagði fram tillögu frá stjórn KRAFT að Sigurjón Pétursson yrði kjörin fyrsti heiðurs-formaður sambandsins sem þingið samþykkti samhljóða með lófaklappi. Sigurjón þakkaði fyrir sig og fékk orðið og fór yfir farinn veg og þann árangur sem hefur náðst á undanfarin ár.

2. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Lögð var fram tillaga um Valdimar Leó Friðriksson sem þingforseta og Sigurjón Pétursson til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingritara og varaþingritara

Lögð var fram tillaga um Guðbrandur Sigurðsson sem þingritari og Ingu Maríu Henningsdóttir til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Kosning eftirfarandi nefnda:

a. Þriggja manna kjörbréfanefndar

Gerð var tillaga um að Alex Cambray Orrason, Aron Friðrik Georgsson og Inga María Henningsdóttir tækju sæti í kjörbréfanefnd. Ekki voru aðrar tillögur og þau því réttkjörin.

Þar sem einungis ein tillaga liggur fyrir þinginu þá taldi fundarstjóri ekki ástæðu til að kjósa fulltrúa í aðrar nefndir.

5. Ávörp gesta

Ingi Þór Halldórsson stjórnarmaður ÍSÍ fékk orðið og bað fyrir kveðju frá forseta ÍSÍ. Hann ræddi starfsemi Afreksnefndar og þau verkefni sem eru framundan á næstu mánuðum. Þá fór hann einnig nokkrum orðum um þá sjóði sem eru á vegum ÍSÍ og hvernig staðið er að

stuðningi við íþróttir í landinu og afreksfólk í íþróttum. Þá þakkaði hann fyrir það mikla starf sem er unnið á vegum KRAFT og sagði það aðdáunarvert hvernig félag á vegum KRAFT hefði alið upp afreksfólk sem er í forystu

Þá sæmdi hann Gry Ek gullmerki ÍSÍ fyrir störf hennar í þágu kraftlyftinga og kraftlyftingarsambandsins.

Þá sæmdi hann Sigurjón Pétursson eina æðstu viðurkenningu sem veitt er á vegum ÍSÍ sem er heiðurskross ÍSÍ.

6. Lögmæti þingsins og álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar

Send voru út kjörbréf fyrir 52 atkvæði og voru mættir 18 fulltrúar á þingið.

Fulltrúar voru frá Kraftlyftingafélagi Akraness, Ármanni, Massa, Kraftlyftingafélagi Kópavogs, Stjórnunni og Breiðablik. Þá fór þingforseti yfir boðun fundarins sem var gert í samræmi við lög sambandsins og lýsti því yfir fundurinn væri löglegur.

7. Skýrsla fráfarandi stjórnar kynnt

Gry Ek Gunnarsson, formaður flutti skýrslu stjórnar sem er aðgengileg á vef sambandsins, kraft.is. Gry fór yfir helstu þætti í starfinu á liðnu ári og reifaði það helsta sem er framundan í starfsemi sambandsins.

8. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT lagðir fram.

Alex Cambray Orrason, gjaldkeri stjórnar KRAFT kynnti ársreikning sambandsins vegna ársins 2019 og bar hann saman við fyrra ár. Stjórn KRAFT samþykkti ársreikninginn þann 6. febrúar 2019 sem var tekinn saman og stilltur upp af skoðunarmanni félagsins Magnúsi Magnússyni viðkiptafræðingi og yfirfarinn af kosnum skoðunarmönnum. Ársreikningurinn er jafnframt aðgengilegur öllum á heimasíðu sambandsins kraft.is.

Heildartekjur sambandsins sem voru annars vegar styrkir og tekjur af lottó námu 24,1 mkr á árinu 2019 í samanburði við 23,8 mkr árið 2018. Rekstrargjöld sambandsins námu 26,3 mkr á árinu 2019 sem óbreytt upphæð milli ára.

Rekstrartap nam þannig 2,2 mkr og að teknu tilliti til fjármagnstekna og -gjalda var tap ársins 2.156.900 kr sem er aðeins lægra en niðurstaðan var árið 2018.

Efnahagur sambandsins er traustur. Veltufjármunir félagsins námu 8,9 milljónum króna sem er jafnframt niðurstaða efnahagsreiknings. Eigið fé sambandsins við síðustu áramót var 7,9 mkr og skuldir samtals voru 1,0 mkr fyrst fremst vegna ógreidds kostnaðar vegna starfsfólks og þess háttar.

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði

Engin kvað sér hljóðs undir þessum lið. Að því loknu voru reikningarnir bornir undir þingið og voru þeir samþykktir samhljóða af þingfulltrúum.

10. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun stjórnar KRAFT fyrir næsta starfsár lögð fram, rædd og borin undir atkvæði.

Alex Cambray Orrason, gjaldkeri KRAFT lagði fram fjárhagsáætlun vegna ársins 2020 sem í samræmi við framsetningu sem er notuð við umsóknir styrkja til Afrekssjóðs ÍSÍ. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að tekjur sambandsins verði 27,6 mkr og að gjöld alls verði 30,7 mkr. Þannig

er ráðgert að tap af rekstri sambandsins verði 3,1 mkr sem mun því lækka eigið fé sambandsins um sömu upphæð.

Enginn kvað sér hljóðs vegna þessa liðs. Áætlunin var samþykkt samhljóða af þinginu.

11. Tillögur að laga-, reglugerðar- og reglubreytingum, sem og aðrar tillögur

Tillaga frá Stjórnunni – Aron Friðrik Georgsson

Frá kraftlyftingadeild Stjórnunnar:

Stjarnan leggur til að á innalandsmótum frá og með þinginu 29. febrúar 2020 verði notuð DOTS stig á mótum innanlands í stað IPF stiga. Til vara leggur Stjarnan til að það DOTS stig verði notuð á mótum innanlands frá og með árinu 2021.

Rökstuðningur:

IPF stigin gefa ekki rétta og sanngjarna mynd af árangri keppenda, sérstaklega er hallað á efstu þyngdarflokkana.

Miklar umræður voru um þessa tillögu. Sumum fannst að við ættum að fylgja IPF en þar er verið að endurskoða stigareglurnar og öllum ljóst að það eru ákveðnir vankanntar á þessum stigum. Þá hafði stjórn KRAFT einnig samband við tækninefnd IPF sem taldi að þetta yrði ekki brot á þeirra reglum enda er t.d. verið að nota þau stig í innalandsmótum í Þýskalandi.

Einar á Akranesi gerði tillögu um að DOT stigin yrðu notuð næsta árið og niðurstaðan endurskoðuð á næsta þingi. Viðbótartillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Því næst var tillagan með áorðinni breytingu lögð fyrir þingið sem var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Afreksstefna KRAFT: Gry Ek kynnti þær breytingar sem hafa verið gerðar á afreksstefnu sambandsins sem eru smávægilegar. Afreksstefnan var því borinn upp til staðfestingar og var hún samþykkt samhljóða.

12. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Engar tillögur bárust þingnefndum þannig að engin umræða varð undir þessum liði þingsins.

13. Ákvörðun um þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils

Stjórn KRAFT lagði til 500 króna hækkun á árinu 2020. Þannig myndi gjaldið hækka í 7.500 kr (úr 7.000 kr) fyrir þríbrautarmót og í 6.000 kr (úr 5.500 kr) fyrir keppni í stakri grein.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

14. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, formanna fastanefnda sambandsins, fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ.

Í framboði í stjórn eru:

Formaður: Gry Ek Gunnarsson

Stjórnarmenn: Laufey Agnarsdóttir KFR, Aron Ingi Gautason KFA, Muggur Ólafsson Stjarnan.

Dómaranefnd: Sólveig H Sigurðardóttir.

Mótanefnd: *Einar Örn Guðnason.*

Landsliðsnefnd: *Róbert Kjaran.*

Heiðursmerkjanefnd: *Gry Ek Gunnarsson.*

Laganefnd: *Sigurjón Pétursson.*

Skoðunarmenn:

Aðalmenn: *Helgi Briem, Ármanni og Ari Kárason, KFR*

Varamenn: *Róbert Kjaran, Breiðablik og Gunnlaug Olsen, Massa.*

Þar sem engar aðrar tillögur lágu fyrir þinginu voru allir ofangreindir lýstir réttkjörnir.

15. Önnur mál

Aron Friðrik Georgsson kvaddi sér hljóðs og reifaði gildandi lágmörk sem veita keppendum keppnisrétt á mótum. Framundan eru breytingar á þessum reglum og verður þá horft til lengra viðmiðunartímabils sem mun minnka sveiflur í þeim þyngdum sem liggja til grundvallar lágmörkunum.

Helgi Breim fékk orðið. Hann leggur til að öldungarflokkurinn verði frekar kallaður garpaflokkur. Þá lýsti hann þeir skoðun sinni að lágmörkin væri of ströng fyrir unglínga og þyrfti að endurskoða það og ef til vill lækkað. Sérstaklega á þetta við um keppendur í masterflokki 1.

Einar Örn Guðnason hvatti fulltrúum félaga að taka að sér mót. Hann er formaður mótanefndar og benti á að enginn væri búinn að sækja um bikarmótin bæði sem verða haldinn í haust.

Þingforseti lýsti því af dagskrá Kraflyftingarþings 2020 vær tæmd og þingstörfum lokið og þakkaði fyrir sig og gaf endurkjörnum formanni orðið. Fundarritara og þingforseta var falið að ganga frá fundargerð þingsins.

16. Þingslit

Gry sleit þinginu kl 16:00.

SIGN

Guðbrandur Sigurðsson, þingritari

SIGN

Valdimar Leó Friðriksson, þingforseti